

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014,  
Ölversholt, Rangárþingi ytra.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að frístundabyggð í landi Ölversholts 3 færir til suðausturs og minnkar úr 20 ha í 10 ha og stækkar landbúnaðarsvæði sem því nemur. Á svæðinu er gert ráð fyrir 3-4 frístundahúsalóðum, um það bil 2-3 ha að stærð. Fyrirhugað er nýtt 5 ha íbúðarsvæði við Ölversholt þar sem gert er ráð fyrir 2-3 lóðum, hver um 2 ha að stærð. Á íbúðar- og frístundasvæðunum eru fornleifar sem njóta hverfisverndar skv. aðalskipulagi og gert er ráð fyrir að byggingar og skógrækt sneiði fram hjá öllum fornminjum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. september 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*